




# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 14 — JAN. '80



Útgefandi ISLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, posthof 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

#### Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059.  
Gjaldkeri: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599.  
Ritari: Ingvar Teitsson.  
Varaformaður: Helgi Benediktsson, s. 21027, vinna 12045.  
Meðstjórn: Björn Vilhjálmsson, s. 16543.  
Magnús Guðmundsson, s. 30214.

#### Ritnefnd:

Ábyrgðarm.: Ingvar Teitsson.  
Aðrir í ritnefnd: Einar Steingrímsson, s. 21601, vinna 24400  
Magnús Guðmundsson.  
Sighvatur Blöndahl, s. 44689, vinna 10100.  
Snævarr Guðmundsson, s. 85070  
Snorri Egísson, s. 31293.

#### Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, f. 75694.  
Guðjón Ó. Magnússon.  
Einar Steingrímsson.  
Torfi Hjaltason, s. 24726.

#### Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson.  
Sighvatur Blöndahl.  
Magnús Danielsen, s. 37227.

#### EFNI BLADSINS:

bls.

Frá stjórninni .....	3
Félagsstarfið .....	4
NV-veggur Skessuhornsins .....	6
Leiðarvísis ÍSALP nr. 8 - Skessuhorn .....	10
Tindurinn .....	16
Fjallaannáll - 1. grein .....	18
Ein frægðarför.....	22
Þverártindsegg - Kálfafellsdalur .....	24
Willi Unsoeld .....	28
Ferðir og fundir ÍSALP .....	30

Forsíðumyndin: Skessuhorn, ljósm. Sighvatur Blöndahl.

Offsetvinna: Repró.

Prentun: Formprint sf.

Vérlitun: Gerður Helgadóttir.

## Frá stjórninni:

I Tindfjöllum er án efa að finna einna bestu aðstaður til vetrarfjallamennsku hér á landi. Þar eru margar skemmtilegar snjóklifurleiðir og ótal möguleikar fyrir fjallamanninn, að ekki sé minnst á náttúrufegurð, því að fáir staðir á landinu jafnast á við Tindfjöll í því tilliti. Þar að auki er fárt í Tindfjöll allt árið og tveir góðir skálar eru opnir öllum fjallamönnum, annar þeirra í umsjón Alpaklúbbins. Félagar. Þeg skora á ykkur að leggja land undir fót í vetur og nota þessa aðstöðu, sem landið býður upp á. Þið munuð ekki svíknir af því.

Fyrir stuttu var sagt frá því hér á síðunni, að til staði að fá hingað til lands á vegum klúbbins MacInnes, fjallakappann heimspekktu. En því miður virðist það fylgja frægum köppum að þeir eru alltaf uppteknir og svo virðist að MacInnes sé enn of bundinn í háfjallaleiðangrum og við ritsmíðar til þess að hann hafi tíma til að heimsækja okkur. Kannski sér hann sér fárt að koma seinni.

Að opnu húsi nú í haust stóðu tveir félagar upp og tóku til máls. Voru þeir stórhneykslaðir yfir því að á ákveðnum stað rétt fyrir utan bænn hafði einhver "stórborgarmaður" skilið eftir rusl, glerbrot og fleira. Tek ég eindregið undir orð þeirra: "Sérhver maður sem gerir sig sekan um slíkt á ekki rétt að því að ferðast um óbyggðir landsins". Átla ég að vona að allir í klúbbnum geri sitt til að setningin: "Landið er fagurt og frítt" haldi gildi sínu.

Framvegis er við tökum á leigu rútu í ferðum okkar verður nauðsynlegt að krefjast a.m.k. 50% af áætluðu fargjaldi fyrirfram. Þessi 50% eru óafturkræf enda þótt þáttakandi forfallist.

Ein nýbreytni er í næstu ferðaðætlun. Þar eru tvær ferðir á boðstólum þar sem þátttaka er bundin við lágmarkskunnáttu eða reynslu í fjallamennsku. Ferðin á Eyjafjallajökul 21.-23. mars er fyrir þá, sem hafa tekið þátt í a.m.k. premur námskeiðum klúbbins eða örðum sambærilegum námskeiðum. Hins vegar eru kröfur fyrir ferðina á Hélgindur 7.-9. mars mun strangari. Umsjónarmennirnir, Helgi, Björn og Magnús, dæma um hæfni manna til fararinnar. Hæfnisúrskurður þeirra er endanlegur, enda er ráðgert að vera á "alvarlegum" slóðum og er áætlað að fara leiðir, sem aðeins eru færar reyndum mönnum. Ef þessi tilraun tekst vel munum við halda þessu áfram.

Að lokum ætla ég aðeins að nefna eitt atriði. Farið eftir ábendingum Magnúsar Hallgrímssonar í grein hans "Snjóflóð og fjallaferðir", sem birtist í síðasta hefti Ísalm. Þar var margt ágætt ritað, sem gott er að hafa hugfast.

Góða ferð í vetur.

Guðjón Ó. Magnússon

# Félagsstarfið

Tindfjallaferðin var farin helgina 16.-18. nóvember síðastiðinn og það voru glæðir og reifir félagar, sem héldu á viti fjallanna í þetta sinn. Sjaldan eða aldrei hefur verið eins rúmt um menn í farkostinum, en það var 60 manna rúta, sem flutti hópinn, sem taldist vera 13 manns.

Þeir, sem voru með skíði hlökkuðu mikið til að stíga beint á þau við bæinn Fljótsdal og flýttu sér upp í Efstaskála og stinga þá af, sém ekki höfðu slikt undir iljum.

Það hafði snjóðað gífurlega á höfuðborgarsvaðinu og voru það því ekki lítil vonbrigði þegar í Fljótsdal var komið seint á föstudagskvöldi, að þar var varla snjókorn að finna. Ekki var talið ráðlegt að leggja af stað upp í

skála þá um kvöldið, svo nöttinni var eytt í Farfuglaheimilinu á staðnum.

Morguninn eftir hafði veðrið heldur lægt, en þó var rémbingur í Kára. Hópurinn lagði af stað skömmu fyrir hádegi, en tveir urðu eftir. Eftir um það bil fjögurra tíma göngu skriðu þeir síðustu inn í Tindfjallasel. Var veðrið þá orðið ansi vont, hávaðarok og skafréningur. Hópurinn ákvað að vera þar, en þrír héldu upp í Efstaskála. Mikið fjör var í Tindfjallaseli þetta kvöld. Menn skemmtu sér með sögum og miklum "aftansöng". Var talað um að halda ætti árshátíð í salp uppi í Tindfjöllum og ef menn fá eins mikinn innblástur og þetta kvöld þarf ekki að kviða leiðinlegri árshátíð.



Glatt á hjalla í Tindfjallaseli



A skíðum í Tindfjöllum

Morguninn eftir þrammaði hópurinn af stað um klukkan níu. Veðrið hafði þá lægt um nöttina og létt til. Við Skíðadal komu þeir þrír, sem höfðu farið frá Efstaskála til liðs við hópinn. Skiptist hópurinn þá; sex fóru á Búra (1230 m.), þremenningarnir fóru á Saxa (1305 m.) og tveir á Ými, hæsta tind svæðisins (1462 m.). Veðrið hélst nú gott allan daginn, kalt, logn og sólskin. Var það fögur sjón að sjá sólinna sökkva í sá bakvið Vestmannaeyjar á leið niður í Fljótsdal eftir skemmtilega ferð um Tindfjallajökul.

Hreinn Magnússon

Félagsfundur var haldinn miðvikudaginn 28.11. síðastliðinn. Sýnd var breska kvikmyndin "The Hardest Way Up", en hún fjallaði um breska leiðangurinn, sem sigraði hina bröttu suðurhlíð Annápurna í Himalayafjöllum. Þótti mönnum myndin fróðleg og skemmtileg í besta lagi. Auk þess var rætt um væntanlega Esjuferð 2. desember. Fundinn sóttu um 50 manns.

Esjuferð 2. desember féll niður vegna þátttökuleysis og illviðris.

Opnu húsin á miðvikudagskvöldum hafa haldið vinseldum sínum og má pakka það dagskrá þeirri, sem ferðanefnd hefur haft umsjón með. Rétt er að geta hér kvikmyndarinnar um Everestleiðangurinn 1953, sem óvænt rak á fjörur okkar um miðjan nóvember. Var hún sýnd dagana 10. og 12. desember við góðar undirtektir.

Magnús Guðmundsson.

# NV-veggur Skessuhornsins

Myrkrið var að skella á.

Skyggnio hafði verið um 50 metrar um daginn, og nú varð stöðugt skuggsýnna. Þeg sá Bill setja "sling" utan um Stein 7-8 metrum fyrir ofan mig, sem millitryggjingu. Skuggi að ofan kallaði að við kæmumst ekki lengra í kvöld, við yrðum að "bivakka" og freista þess að halda áfram á morgun.

NV-hlið Skessuhorns hefur verið umtöluð sem ákjósanlegt verkefni fyrir félaga Alpaklúbbins. Aðeins einu sinni hefur, svo ég viti, verið klifrað á þessari hlið fjallsins. Þá af Helga Ben. og félögum, og aðeins í hálfkæringi.

Föstudagskvöld, fyrstu helgina í október 1979, slögum við Bill Gregory (frá U.S.A.) upp tjaldi undir Skessuhorni. Við, ásamt fleirum, höfðum í hálft ár verið að tala um að reyna að komast upp NV-vegginn og nú vorum við mættir. Við höfðum áætlað að veggurinn gæti ekki verið meira en 200 m í mesta lagi og þar sem hann er allur í stöllum ætti ekki að vera seinlegt að komast upp. Við reiknuðum með að einn dagur myndi nægja, þ.e.a.s. 8-10 stundir. Leiðin sem við höfðum í huga var klettarífi, sem lá upp vegginn miðjan, og virtist ná upp í efsta odda pyramidans. Bill hafði komið á fjallið einu sinni áður, en ég aldrei.

Við komum að klettarifinu kl. 11 og byrjuðum strax að klifra. Við tókum aðeins með okkur nauðsynlegasta útbúað til að vera sem léttastir. Af klifurtækjum tókum við eftirfarandi: 2 stk. línum, 9 mm. og 11 mm., 20 karabínur, 6 fleyga, 20-25 hnetur, ca. 15 sling, hjálma, 2 stk. hamra og 2 "áttur." Við ákváðum að leiða allt stiga-eða "aidklifur" hjá okkur, en fara beinustu og fljótförnustu leið upp.

Við höfum klifrið beint af skriðunni, til að fara nú rifið frá upphafi til enda, og fórum strax

í línu (við klifruðum á 11 mm. línumni einfaldri, en átluðum að hafa hina ef við pyrftum að síga). Fyrsta "pitch" (ekkert íslenskt orð hefur fundist sem útskýrir pitch nægjanlega, en í heilli setningu þýðir betta, leið sem klifin er milli tveggja megintrygginga, og vegalengdin, sem getur verið frá 3 m. upp í 40 m.) lá hægra megin í rifinu, var í meðallagi langt (25-30 m.), var með tveimur millitryggingum (önnur var fleygur) og endaði klofvega á hrygg með 30 m. fall til beggja hliða.

"Pitch" 2 var stutt, 10 m., með einni erfiðri hreyfingu utan á bergmylsnu með 40 m. þverhnípi fyrir neðan. Priðja "pitch" lá fyrst upp 7-8 m. stall, en síðan eftir hrygg að stalli á hinum eiginlega NV-vegg. Það var nokkuð erfitt að finna megintryggingu áður en þetta "pitch" hófst, en því var loks bjargað með fleyg. Eru þá upptaldir þeir fleygar, sem við notuðum á leiðinni, en síðar urðum við að nota einn sem sigakkeri. Næsta "pitch" var um 20 m., en enga millitryggingu var að finna, má segja að adrenalin-streymið hafi verið í meira lagi upp þennan kafla. Ekki man ég fleiri "pitch" í smáatriðum, enda ekki ástæða að breyta lesandann á of ítarlegum lýsingum á þeim, en alls urðu þau níu, flest í meðallagi löng. Við skiptumst að hafa forystu.

Þegar því níunda lauk var að verða skuggsýnt og við sáum ekki fram að eiga nema tuttugu mínútur eftir til klifurs. Bill átti næstu forystu, komst ekki nema um 10 m. upp, en sá þá varla til, kallaði niður og sagði að við yrðum að "bivakka". Mér varð ekki um sel, að purfa að neyðarbivakka hér, í pokusudda og svotil allslaus. Við höfðum aldrei hugsað út í að kannski kæmumst við ekki alla leið á einum degi og höfðum



Hinn 250 m hái norðvesturveggur Skessuhorns. Leið þeirra Björns og Bill lá upp hrygginn eða klettarifið fyrir miðri mynd.

því ekki útbúið okkur til síks. Við vorum þó með vettlinga, lambhúshettur og annar var með ullarbol í pokanum, en hinn með regnbuxur. Það bjargaði því sem bjargað varð. Næringu höfðum við litla, aðeins smávegis súkkulaði, döðlur og volgt te frá um morguninn og það sem verst var: aðeins 6 sigarettur.

Þar sem við nú vorum staddir voru syllurnar með minnsta móti. Bessi var aðeins rúmur metri á breidd, með 30° halla og jarðvegsmylsnu ofan á. Eftir að hafa troðið fór fyrir rass og fetur í sylluna, bundum við okkur fasta, settumst og tókum að bíða morguns. Vegna brengsla á syllunni var ekki hægt að berja sér til hita nema standandi í sömu sporum og setjast síðan í sama farið. Við vorum í skjóli fyrir mesta vindinum og dró það úr kuldánum. Um nóttina gerði frost og hrímaði allt sem á festi.

Morguninn eftir, klukkan átta, var orðið vel ljóst, höfðum við þá setið þarna í rúma tólf tíma. Fórum við nú að líta í kringum okkur, en sáum strax að ekki var hægt að klifra lengra. Frost var ennþá og bergið þakið ís og hrími. Ákváðum við því að halda af stað niður. Þótti okkur það að vonum heldur súrt í broti, því bött við sáum ekki toppinn, gátum við séð endamörk veggjarins til beggja hliða í um það bil 30 metra fjarlægð. Eftir að hafa reynt að komast eftir syllu út á N-hrygginn, ákváðum við að síga niður sömu leið og við komum. Við sigum niður í 7 sigum, tók það 21/2 klst. Þegar að síðasta sigrinu kom voru öll aukabönd og sling búin, og ekki hægt að koma neinu jární fyrir. Þá var um tvennt að velja, annað hvort að binda saman eitt prússik-band, skóreimar o.fl., eða skera af annarri klifurlínunni. Var ákveðið að fórná línumni frekar

en að húrra niður í síðasta siginu. Eigandinn, ég, bar harma mína í hljóði. Eftir þessa hrakninga var ég ákveðinn í að hætta klifri næsta mánuðinn, a.m.k. næstu vikuna.

Þegar frá er dregið föstudagskvöldið, var fjallið allan tímann hulið þoku. Skyggni meðan á klifrinu stóð var um 50 m. Það hafði sína kosti og galla. Þann kost, að maður tók ekki eftir hæðinni. Þann galla, að bergið var blautt allan tímann sem klifrað var. Við teljum línuma sem við völdum upp vegginn vera þá augljósustu. Vegna þess að sunnan við hana, út á veggnum, er stöðugt grjótflug, en norðanmegin er engin augljós, bein og afmörkuð lína, sem tekur rífinu fram.

Við álíttum að síðustu 40 metrarni, það sem við náðum ekki að klára, sé erfiðasti hluti leiðarinnar og þar með lykill (crux) klifursins.

Ef meta á leiðina í gráðum teljum við að af því sem komið var, sé engin hreyfing erfiðari tæknilega séð en 5.4 eða 5.5 samkv. Yosemite-kerfinu miðað við góð skilyrði, eða IV, kannski IV+ samkv. alpa-gráðunum.



Við urðum fyrir vonbrigðum með hve vont var að koma fyrir tryggingum, fáar sprungur, og þær sem eru til staðar, eru heppilegri fyrir hnetur. Víða er bergið mjög laust.

Björn Vilhjálmsson/Bill Gregory.




Top: MacInnes 2 incorporates hauling loops

Below: MacInnes 1



Below: MacInnes 2



Left to right: Backpacker 1, Backpacker 3, Backpacker 2.

Each Backpacker rucsac shown with Backpacker frame



# Leiðarvisir ÍSALP:


## Nr. 8: SKESSUHORN

Skessuhorn, sem gengur norður úr Skarðsheiðinni miðri í átt til Borgarfjarðar, er eflaust eitt vinsælasta æfingasvæði íslenskra fjallamanna með tilliti til snjó- og ísklifurs, þrátt fyrir að mjög lítið hafi verið klifið í því fyrr en á árinu 1975. Skessuhorn, sem oft hefur meðal fjallamanna verið nefnt Matterhorn Íslands, sakir þess hversu því svipar til þess fræga fjalls í svissnesku ölpunum, er 967 metra hátt yfir sjávarmáli. Skessuhornið er mjög lagskipt grágrýtisfjall, en við lauslega athugun hefur mönnum reiknast til að 11-12 lög séu í fjallinu. Segja má að fjallið sé alltaf klifið frá sama upphafspunkti, en það er frá bænum Horni í mynni Skorradals, en hann stendur í um 60 metra hæð yfir sjávarmáli.

Um tvær leiðir er að ræða frá höfuðborgarsvæðinu, en það er um Hvalfjörð og annað hvort um svokallaðan Draga, eða Dragháls, en þá er farinn vegurinn til hægri rétt eftir að farið er framhjá Ferstíklu á Hvalfjarðarströnd og er sá vegur tölувert styttri, eða farið er fyrir Hafnarfjall í Borgarfirði og vegurinn upp að Andakíl tekinn í átt til Skorradals.

Flestar leiðir sem farnar eru á Skessuhorn eru tiltölulega fljót-farnar, þannig að einn dagur er nægilegur. Aðætla má að menn séu 3-6 klukkutíma að klífa fjallið við allar venjulegar aðstæður, það ræðst þó auðvitað af því hversu vel menn eru á sig komnir og hversu vanir og vel búnir þeir eru. Þrátt fyrir að menn eyði að jafnaði ekki nema einum degi þegar þeir leggja til atlögu við Skessuhorn, er það kjörið til æfinga og námskeiðahalda og næg

verkefni þó dagarnir verði fleiri en einn. Er það mál manna, sem til þekkja, að svæðið sé eitt það allra besta til námskeiðahalda í snjóklifri, enda hefur Ísalmaldi snjónámskeið þar í tvígang og til gamans má geta þess að fyrsta hópferð Ísalmi var einmitt á Skessuhorn. Hyggist menn dvelja lengur en einn dag við fjallið er kjörið að tjalda undir eða við svokallaða Katla, sem eru við rætur fjallsins, en þaðan er mjög stutt að fara allar helstu leiðir á fjallið.



Skessuhorn, yfirlitskort



A leið upp Skessuhorn

Það er aðallega tvennt sem fjallgöngumenn verða að varast leggi þeir til atlögu við Skessuhorn. Annars vegar sé farið að sumarlagi þá er mikil grjóþrunshætta á öllum leiðum fjallsins nema þeirri auðveldustu, sem sjaldnast er farin, hins vegar séu menn á ferð að vetrí til þá er töluperð snjóflóðahætta á öllum leiðum fjallsins. Að sumarlagi er því mikilvægt að menn hafi með sér öryggishjálm. Annars má almennt segja um búnað sem nauðsynlegur er til atlögu við Skessuhorn, að á sumrin er hægt að fara allar leiðir nema Norð-vesturvegginn án aðstoðar hjálpartækja. Það er þó nauðsynlegt að vera vel skóður, auk öryggishjálmssins, og gott er að hafa líflínu með. Að vetrarlagi er annað uppi á teningnum, þá er ekki ráðlegt að leggja í neina leið fjallsins hjálpartækjalaus. Í öllum tilfellum er nauðsynlegt að hafa meðferðis ísexi, mannbrotta og líflínu, auk

snjóákkeris. Nánar um útbúnað með leiðarlýsingunum sjálfum. Annars er óhætt að fullyrða, að fjallið er skemmtilegast til upp-göngu seinni hluta vetrar, þ.e. febrúar-apríl. Janúar er í lagi nema hvað birtu skortir tilfinnan-lega.

Besta fáanlega kort af svæðinu er "Atlasblað" nr. 35, Botnsheiði, kvarði 1/100.000. Ennfremur er fáanlegt fjórðungsblað í mælikvarðanum 1/50.000 af svæðinu. Þá má nefna aðalkort nr. 2, Vesturland, mælikvarði 1/250.000.

Frá Horni að rótum fjallsins við Katla, má ætla að menn séu á bilinu 1-2 tíma eftir aðstæðum hverju sinni, vel þjálfadír menn þurfa þó ekki að vera nema um hálftíma á leiðinni, en það er um 500 metra hækjun og loftlína 3.5-4 kílómetrar.



Ishaft á Hryggleið

Segja má að leiðir þær sem farnar hafa verið og eru bestar til upp-göngu á fjallið séu fjórar, en það er svokölluð "Normal-leið", Hryggleið, Norð-austurveggurinn og Austur-læna, en auk þessara fjögurra leiða er svo Norð-vesturveggurinn, sem enn hefur ekki verið klifinn þrátt fyrir nokkrar til-raunir, en í því sambandi er rétt að benda á grein í þessu hefti eftir Björn Vilhjálmsson þar sem hann greinir frá tilraun, sem hann ásamt félaga sínum gerði. Þá má geta þess að það er aðeins á færi vel þjálfaðra og vel búinna fjallamanná að reyna við Norð-vesturvegginn.

#### EINSTAKAR LEIDIR:

##### Nr. 1: Hryggleið:


Gráða: II

Hryggleið er sú leið, sem lang-oftast er farin þegar menn leggja til atlögu við Skessuhorn, en hún

liggur utan til á hrygg fjallsins, sem snýr í norður, upp að Kötum. Að sumarlagi er klifrað upp eftir hryggnum nokkuð utarlega og eru helstu hindranir á veginum nokkur lagskipt klettabelti og á leiðinni er mikil grjóthrundhætta. Leiðin er auðrötud ef menn haldi sig bara nágilega utarlega á hryggnum.

Sé lagt til atlögu að vetrí til horfir málíð tölvert öðruvísi við, því þá er nauðsynlegt að hafa ýmis konar búnað sér til aðstoðar, en leiðin er sú sama. Nauðsynlegt er hverjum og einum að hafa a.m.k. eina ísexi meðferðis, mannbrodda, líflínu, snjóákkeri og í mörgum til-fellum er ágætt að hafa ísskrúfu meðferðis auk þess sem það er góð venja að hafa ætíð öryggishjálm meðferðis.

Þá er rétt að áréttu að ekki er ráðlegt fyrir óvana menn að leggja til atlögu við fjallið eftir



Skessuhornið séð frá norðaustri



Skessuhorn að vestan

þessari leið, nema því aðeins að þeir hafi leiðsögn reyndra manna.

##### Nr. 2:"Normal-leið":

Gráða: I

Þessi leið er sú léttasta sem hægt er að fara á fjallið og er á færi allra þeirra sem hafa lágmarks-útbúnað. Lagt er upp frá Horni eins og á aðrar leiðir og haldið upp að Kötum og gengið undir þeim inn í dalbotn vestan við Skessuhornið. Sérstaklega er mikilvægt að fara nægilega innar-lega til þess að lenda ekki í klettabelti, sem gengur inn með öllu fjallinu. Að sumarlagi er betta létt gönguleið, sem ekki gerir kröfur um neinn sérstakan útbúnað. Frá innsta stað í dalnum er stefnan tekin í längsta punkt skarðsins milli sjálfss Skessuhorns og Heiðarinnar og þaðan fylgt ein-

stigi, sem er auðþekkjanlegt upp á tind.

Séu menn á ferð að vetrarlagi ber sérstaklega að varast snjóflóð, en mikill snjór liggur gjarnan í snjó-brekkunum, sem farnar eru. Mönnun er bent að hafa meðferðis ísexi og mannbrodda og jafnvel línuspotta, ekki er þó nauðsynlegt að nota fullgilda líflínu.

Reikna má með því að ferðin taki 3-5 klukkutíma neðan frá Horni eftir því hvernig færi er og hvernig viðkomandi er á sig kominn líkamlega. Þá má loks geta þess til gamans að í góðu veðri sér maður yfir Heiðina af Skessuhorni til Reykjavíkur, en ekki sést frá Reykjavík upp á Skessuhorn.

Nr. 3: Norð-austurveggurinn:

Gráða: I/II

Þegar Norð-austurveggurinn er klifinn er sömu leið fylgt og begar hryggleið er farin upp að Kötłum, síðan er farið út í vegginn í stað þess að fara upp hrygginn. Þar eru fjölmargar skemmtilegar leiðir, en tiltölulega léttar, sem menn geta valið úr. Menn geta einfaldlega hagað för sinni eins og þeim sýnist og velja sér þá gjarnan góðan sniðlænur. Enda eru þessar leiðir yfirleitt ekki farnar nema að vetrarlagi. Besti tíminn er eins og á Hryggleið, þ.e.a.s. febrúar-apríl. Vanir menn fara þessa leið gjarnan niður eftir að hafa klifið Hryggleiðina.

Nauðsynlegur útbúnaður er ísexi, jafnvæl tvær í mörgum tilfellum, mannbrottar, líflína, snjóákkerti og öryggishálmur.

Reikna má með svipuðum tíma í klifrið eins og á Hryggleið, þ.e. á bilinu 3-5 klukkutímar eftir aðstæðum.

Nr. 4: Austurlæna

Gráða: I

Þegar lagt er til atlögu við svokallaða Austurlænu er gengið að austan Hornsár upp í dalinn inn í botn í um 380 metra hæð. Þegar þangað er komið blasir lænan við og gengur upp í längsta hluta skarðsins milli Skessuhornssins og Heiðarinnar, en það er í um 850 metra hæð. Hækjunin frá dalbotninum er um 500 metrar og er um snjólænu að ræða án hindrana alla leið. Snjórinn getur verið mjög varhugaverður og hætta er á snjóflóðum. Þessi leið er nánast aldrei farin yfir sumarmánuðina enda leiðinlegar skriður að mestu. Nauðsynlegur

búnaður eru tvær ísaxir, mannbrottar, líflína og snjóákkerti. Ekki er ráðlegt fyrir óvana menn að fara þessa leið.

Svipaðan tíma tekur að klífa fjallið eftir þessari leið eins og hinum eða 3-5 tíma eftir atvikum.


Að síðustu má benda á Norð-vesturvegginn, sem ekki hefur enn verið klifinn prátt fyrir ítrek-aðar tilraunir. Frá einni slíkri tilraun er greint í frásögn í blaðinu að þessu sinni eins og fyrr er sagt. Þar er um að ræða fjölmargar misjafnar leiðis og eru þær allar mjög erfiðar upp-göngu, eða gráða III-IV (ágiskun). Sérstaklega má reikna með að klettabelti ofarlega í vegnum reynist erfitt yfirferðar, en það er nánast þverhnípt og lélegt berg í því.

Helgi Benediktsson  
Sighvatur Blöndahl

# Allt í útlífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

## KLIFURVÖRUR



**CORE-TEX**  
laminat  
**FATNAÐUR**  
OG  
**BAKPOKAR**  
FRÁ  
**berghaus**

**Útlíf**


GLÆSIBÆ  
SÍMI 30350

# TINDURINN

Klukkan er tæplega átta á laugardagskvöldi, þegar Magnús G., Lennard Ab., Snævvarr G. og undirritaður yfirgefa höfuðborgina, og það með litlum söknuði. Tilgangurinn með öllu þessu er sá að fara á Tindinn, þann sem Tindfjöll draga heiti sitt af. Lítið sögulegt gerist á leiðinni og er það helst til tíðinda að það eru smá él. Þegar komið er á Farfuglaheimilið í Fljótsdal skiptist liðið þannig að Magnús og Lennard gista þar, en afgangurinn leggur strax af stað, og hyggur á bivakk einhvers staðar norður af Pórólfssfellinu. EKKI kann ég frá draumförum skálamanna að segja, en hitt veit ég að éljaveðrið hélst fram eftir nótta. Þegar að Blesumýri var komið um klukkan fjögur eftir miðnætti var ákveðið að halda ekki lengra Höfðum við þá tekið um 600 m. hækjun og gengið ófá kílómetra.



Svefn var vær og ekki vaknað fyrr en um klukkan niú fyrir hádegi. Var þá víst að Magnús og Lennard væru búin að paufast áfram í um það bil klukkustund. Um tíuleytíð birtust þeir loks, en veður var orðið hréint ágætt. Stefnt var á hrygg, sem gengur sunnan frá Tindfjöllunum. Færðin var þung og hélt snjóflóðahættan okkur í hæfilegri fjarlægð frá öllum lægðum og dældum í hlíðinni. Snjóinn tók okkur sums staðar í miðja kálfa. Tindurinn blasti loks við og var fallegur á að horfa, þótt ósköp sé hann smár. Við lögðum í hann suðaustanverðan í staðinn fyrir norðurhlíðina, því illt er að komast fyrir hann úr þessari átt í svona færi. Tindurinn sjálfur var í ágætu ásigkomulagi, ísinn nokkuð góður, en lausamjöll víða þar sem



Síðdegissól á Hornklofa

minni var brattinn. Við Snævarr vorum ákveðnir í að tefja ekki með línuþrölti og öðru dútli og héldum upp. Erfiðleikarnir voru ekki miklir, en mjög skemmtilegt klifur var þarna engu að síður. Þegar upp kom burftum við að hinkra við eftir félögum okkar, sem fóru sér að engu óslega. Við notuðum biðtímann til að fara niður hálfa norðurhlíðina og skoða landslagið, sem er mjög sérstætt. Síðan sameinaðist liðið uppi og hjalaði eitt-hvað um afrekin, en síðan var farið niður. Ekki þurfti sigtóli til, þar sem brattinn var ekkert geigvænlegur. Allir voru á eitt sáttir að þetta væri verulega viðfeldinn Tindur og var hann yfirgefinn með trega. Við tók langt labb, fyrst niður

hlíðar Tindfjalla og loks heiðarnar, síðan meðfram Pórólfssfelli og í Fljótsdal. Var klukkan þá orðin átta eftir hádegi. Þar var stoppað stutt og síðan brennt í það á rauða Saabinum hans Lennards. Klukkan að verða miðnætti var farartækið með innihaldi statt í Reykjavík.

Torfi Hjaltason.

# FJALLAANNÁLL

## 1. grein

### 1.0 FORMÁLI

Íslenskum fjallamönum og öðru áhugafólkum um útilíf og ferðalög ætti að vera akkur í yfirliti yfir meiriháttar fjallaferðir á Íslandi.

Þess vegna höfum við ráðist í að leita uppi heimildir og frásagnir um fjallgöngur eða fjallaferðir allt aftur til upphafs 18. aldar.

Tilgangur samantektarinnar er tvíþettur. Annars vegar viljum við svala fróðleiksporsta fjallafara, en á hinn bóginn sýna hvernig fjallamenn fyrir og síðar hafa átt þátt í landnámi þeirra landshluta, sem eru lengst utan alfaraleiða.

Fjallaannál verður skipt í fjóra hluta, sem birtast í 5-7 greinum:

- Tímabil könnuðanna (18.öld-1900).
- Tímabil frumherjanna (1900-1950).
- Tímabil endurnýjunar (1950-1970).
- Tímabil nýrrar hreyfingar (frá 1970).

Reynt verður að gera efninu skil í tímároð. Lesendur mega ekki líta á samantektina sem fullkomil eða nákvæmt yfirlit. Við munum fyrst og fremst reyna að geta fyrstu uppögngu á helstu fjöll, afskekktta eða illkleifa tinda eða ferða til helstu áfanga á fjölförnustu öræfaleiðum.

### 2.0 TÍMABIL KÖNNUDANNA (18.öld-1900)

Fyrri hluti: Íslenskir könnuðir.

#### 2.1 Inngangur

Lítið sem ekkert er vitað um fjallgöngur Íslendinga fram undir 18. öld. Menn fóru fjallvegi ýmissa erinda og eru margir þessarar vega nú aflagðir. Öræfin voru að sjálfsgögðu smölub. Hins vegar hefur ugglaut bótt tilgangslitið að leggja upp í ferðir á há eða afskekkt fjöll ótilgreindra erinda.

Má vera að pekingarskortur hafi hrætt menn frá háum fjöllum eða stöðum sem voru til dæmis tengdir náttúruhamförum á einn eða annan hátt. Og víst er að útbúnaður til háfjallaferða var afar lélegur. Í kjölfar endurreisnartímans í evrópskni sögu og upplýsingaaldarinnar öðluðust margir bekkingu í náttúrufræðum. Þá hófust fyrstu skráðu háfjallaferðirnar. Ferðalangarnir voru enda oftast náttúrufræðingar og erlendir landkönnuðir. Þess vegna má nefna tímabilið frá 1700-1900 tímabil könnuðanna.

#### 2.2 HEKLA (1491 m.)

Þann 20. júní árið 1750 gengu Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson á Heklu eða Heckenfjeld eins og danskt yfirvald skrifði. Ær hér um fyrstu skráðu göngu á Heklu að ræða. Tilefni fararinnar var "könnun á eldfjallinu og hraunstraumum þess". Þeir félagar fóru frá Selsundi á hestum upp undir hlíðar Heklu, en þá var aðalleiðsögumaður þeirra kominn með slæmsku í maga, að eigin sögn. Förin þótti mjög áhættusöm og mikil brekvirkji, en Eggerti og Bjarna þótti minna um þegar á tindinn var komið. Þeir skoðuðu vel hraun, gíga og storkuberg, en mældu hæð Heklu liðlega 3000 fet með frumstæðri kvikasilfursloftvog.

Sveinn Pálsson gekk með fylgdarmönnum á Heklu 1793 og aftur 1797. Munu það vera 2. og 3. uppgangan.

#### 2.3 GEITLANDSJÖKULL (1400 m.)

Þeir Eggert og Bjarni áttu að kanna jöklar og eðli þeirra á förum sínum um landið samkvæmt danska ríkisvaldsins. 9. og 10. ágúst fóru þeir riðandi að Hádegishnjúki við Kaldadal og þaðan fótgangandi fast upp undir hábungu Geitlandsjökuls, sem er

suðvestasti hluti Langjökuls. Jökullinn var mikið sprunginn og þótti þeim félögum leiðin hættuleg, en bunguna jafnvæl ógenga hæst. Þeir sáu vel til flestrá átta, m.a. í Þórisdal að hluta. Jökulgangan er ein sú fyrsta á Íslandi, árið 1753.

#### 2.4 TORFAJÖKULL (1190 m.) - MÝRDALSJÖKULL (1480m.).

I ágúst 1755 eru Eggert og Bjarni á ferð um Fjallabaksveg syðri. Þeim bykir Torfajökull "allundarlegt jökulfjall" því þar eru "hverar" eins og þeir orða það - og ráðast til uppgöngu á jökulinn. Það telst fyrsta skráða ganga á Torfajökul. Eftir viðkomu í Hvannagili fara þeir félagar fótgangandi uppeftir Mýrdalsjökli í att til Kötluokla. Þeir komust ekki lengra en í hverkina þar sem Höfðabrekkujökull fellur fram og töldu sig sjá til Kötlugjár.

#### 2.5 SNÆFELLSJÖKULL (1446 m.).

Fyrsta skráða ganga á Snæfellsjökul telst vera ferð Eggerts og Bjarna árið 1757. Megintilgangur fararinnar var sá að mæla hæð fjallsins, sem talið var fjalla hæst á landinu. Þeir félagar bjuggu sig óvenju vel - höfðu með sér bykka skó, línu, broddstafi, sléður til að skýla augunum og svamp með ediki til að hressa sig á til mótvægis við þunna loftið. Þá var og meðferðis skál og pípa með kyikasilfri til að mæla breytingu á loftþrýstingi. Af henni reiknaðist þeim hæðin vera 6000 fet eða nálægt 1900 metrum, sem er fjarri lagi.

Austasta þúfan á gígbrún jökulsins virtist ókleif, en með því að beita broddstöfum og veiðihnífum klífa Eggert og Bjarni bergstandinn með glæsibrag.

#### 2.6 SKJALDBREIDUR (1060 m.).

Sveinn Pálsson gekk fyrstur manna, svo vitað sé, á Skjáldbreið árið 1792. Hann lýsti fjalllinn, m.a. 300 m. breiðum gíg efst á dyngjunni. Björn Gunnlaugsson gekk á fjalllið 1833 og Þorvaldur Thoroddsen 1883.



Sveinn Pálsson

#### 2.7 LAKAGÍGAR.

Fyrsta skoðunarferð í Lakagíga er farin árið 1784. Þar er Magnús Stephensen, konferensráð, á ferð ásamt fylgdarmönnum. Tíu árum síðar, 1974, kemur þangað Sveinn Pálsson í könnunarferð.

#### 2.8 EYJAFJALLAJÖKULL (1666 m.).

16. ágúst 1793 lagði Sveinn Pálsson af stað úr Fljótshlíð áleiðis á Eyjafjallajökul. Hann og fylgdmenn riðu inn fyrir Stóru-Mörk þangað sem heitir Illagil og lögðu þaðan upp á jökul. Sveinn getur um erfidið og sprungna leið og kvartaði undan "þunnu lofti" og sagði menn hafa átt erfitt með andardrátt. Svo er að sjá sem þeir hafi ekki gengið alla leið á hætindinn (Hamund eða Guðnastein) heldur að Goðasteini vestari (1580 m.). Þar segist Sveinn hafa klappas efst í klettinn áletrunina P 1793.

#### 2.9 SNÆFELL (1833 m.).

Arið 1794 er í fyrsta sinn reynt að ganga á Snæfell, forna eldkeilu norðaustan Vatnajökuls. Þenn er



Öræfajökull frá Breiðamerkurlóni. Hæst ber Sveinstinda

Sveinn Pálsson á ferð, nú neðan af Fljótsdal ásamt fylgdarmönnum. Í byggð var fjallið talið ófært, einkum vegna hæðar og illviðra. Þeim Sveini tókst ekki að ná tindi fjallsins, en komast þó rúmlega þriðjung leiðarinnar þrátt fyrir vont veður.

Sveinn áætlaði hæðina ekki minni en 6600 dönsk fet og taldi fjallið þá það hæsta á Íslandi. Leið Sveins lá norðan í fjallinu.

#### 2.10 ÖRÆFAJÖKULL (2119 m.).

Sveinn Pálsson gekk fyrstur manna á Öræfajökul 1794. Fór hann frá Kvískerjum 11. ágúst. Var tilgangur fararinnar sá að kanna eðli jökuliss, en Sveinn ritaði merka samantekt um íslenska jöklua, sem kallast Jökläritið, að afloknum athugun sínum.

Talið er víst að Sveinn hafi ekki gengið á Hvannadalshnúk og ekki heldur á Sveinstind (2044 m.). Af lýsingu útsýnis og leiðar ætla menn að Sveinn hafi ekki farið hærra en á hnúk einn, sem er 1927 m. háð (nefndur Sveinsgnýpa á korti).

Jökulinn telur Sveinn vera um 6000 fet á hæð, eða svipaðan og Snæfellsjökul samkvæmt mælingum Eggerts og Bjarna.

Fyrstir á Hvannadalshnúk eru Norðmáðurinn Friisak (landmælingamaður) og Jón Árnason hrepptjóri á Fagurhólmseyri. Þeir gengu á jökulinn 19. júlí 1813 og voru 13 klst. í förinni. Þurftu þeir m.a. að höggya nærrí 100 spor í ís utan í hnúknum. Önnur ganga á Hvannadalshnúk er farin 1891. Englendingurinn F. W. Howell nær hnúnum í 2. tilraun sinni.

#### 2.11 VATNAJÖKULL.

Skömmu fyrir aldamótin 1800 gengu tveir Öræfingar, annar þeirra Sigurður Þorsteinsson frá Svínafelli, á Vatnajökul. Fórur þeir frá Skaftafelli í birtingu dag eins að vori til. Atluðu þeir m.a. að kanna hvað jökulinn væri breiður. Óvíst er hvoru megin við Skarðatind þeir hafa farið, en þeir linntu ekki göngunni fyrr en þeir sáu norður af. Telja

verður líklegast að þeir hafi snúið við vestan í Snæhettu (1722 m.), en hún er hæsti hluti jöklusins á þessum slóðum. Komu þeir samdægars aftur niður í Skaftafell.

#### 2.12 KATLA (1294 m.).

12. ágúst 1823 gekk séra Jón Austmann við fjörða mann á Mýrdalsjökul. Fórur þeir að austan, frá Sandfelli, og hugðust kenna Kötlugjá, en Kötlugosi var þá nýlokið. Eftir presti heitir Austmannabunga (1375 m.) á Mýrdalsjökli, en ekki er víst að þeir félagar hafi farið lengra en á Kötlukolla (1294 m.).

#### 2.13 ASKJA - DYNGJUFJÖLL (1510 m.).

Fyrstir manna í Üskju, svo vitað sé, teljast nokkrir Mývetningar, undir forystu Sigurðar Jónssonar í Gautlöndum norður árið 1830. Þjóði Gunnlaugsson villtist af Sprengisandsleið inn í Üskju 1838. Þá kom þar Englendingurinn Watts í umbrotahrinunni 1874-76 og lýsir einkar vel því sem fyrir augu hans bar. Næstur í röðinni er Jón Borkelsson í Viðikeri og loks leiðangur undir forystu Danans Johnstrup 1876. Með í þeim leiðangri var Þorvaldur Thoroddsen.

#### 2.14 SVEINSTINDUR (1090 m.).

Menn úr Skaftártungum undir forystu Ólafs Pálssonar að Höfðabrekku könnuðu fjöll á Skaftártunguafrétti og Landmannaafrétti 1884. Þá gengu þeir m.a. á Sveinstind, hæsta tindinn í fjallaklasanum umhverfis Langasjó.

#### 2.15 GJÁTINDUR - ELDGJÁ.

Þorvaldur Thoroddsen kom í Eldgjá árið 1893. Þá gekk hann m.a. á Gjátind (935 m.).

#### 2.16 HÁIDRANGUR VID DYRHÓLAEY (56 m.).

25. júní 1893 kleif Hjalti Jónsson úr Vestmannaeyjum Háadrang við Dyrhólaey. Er drangur þessi þverhníptur úr sjó og voru sagnir um að hann hefði verið klifinn um alda-mótin 1800 af ónefndum brattgengis-manni. Tilgangur Hjalta var að leggja veg upp á dranginn til að auð-

velda eggja- og fuglatöku. Var Hjalti fjórar klst. upp dranginn og notaði fleyga til trygginga og trústiga einn að mjög erfiðum stöðum. Kom hann fyrir böndum upp dranginn svo hann varð səmilega fær bjargmönnum.

#### 2.17 ELDEY (75 m.).

30. maí 1894 kleif Hjalti Jónsson Eldey undan Reykjanesi við þriðja mann. Tilgangur fararinnar var sá sami og á Háadrangi, leggja leið fera bjargmönnum upp á eyna. Var viðbúnaður mjög hinn sami: gerðarlegir bergfleygar og eins konar stigi til að komast upp mjög erfiða kafla. Farið var frá Reykjavík með gufubáti, en minni bátur notaður til að lenda við eyna. Tók klifrið um tvo tíma og var erfiðasti kaflinn efst. Eftir þessa fór var Hjalti jafnan kallaður Eldeyjar-Hjalti.

Lýkur hér yfirliði yfir þátt Is-lendinga í fjallaferðum á tíma-bili könnuðanna. Viðbót kann að koma síðar. Næst verður fjallað um þátt erlendra manna á þessu tíma-bili.

Ari Trausti Guðmundsson  
Magnús Guðmundsson.

# Ein frægðarför

"Við félagarnir, ég, Ásti átta og beir Frissi fleygur, Elli extreme og Sig.Siggi (stamar) gerðum okkur ferð í sumar upp á Kerhólakamb (Mt. Esja 2795,27 ft.). Átlunin var nú ekki að gorta neitt en vegna fjölda áskoranna verður nú sagt frá þessu eins og það gekk fyrir sig. Öreyndu auga gæti fastast skarpskyggnin og dæmt leiðina auðvelda uppgöngu og augljósa, en reyndin er nú önnur vinur/vina. Sko, hættunar eru margar. T.d. er mjög auðvelt að drepast úr leiðindum, verða bitinn af hundunum á Esjubergi, lenda í bílslysi á Vesturlandsvegi eða hverfa í drulluna á hlaðinu undan pungum byrðunum. Einnig er hægt að hrapa niður í hrikaleg gilin þegar reynt er að svindla sér fram fyrir í röðinni upp fjallib.

Við bundum okkur í línu rétt fyrir ofan bæinn til að týna ekki hver öðrum í mannfjöldanum. Við vorum greinilega þeir vönustu í ferðinni því hvergi sáum við neinn í Willans-stóll - hvað þá með karabínur, fleyga eða svoleiðis.

Fyrstu erfiðleikarnir voru fólgir í klettabelti neðst í fjalllinu en þar var búið að "fixa línu" og við vorum, sem betur fer, allir með júmara. Ekki sáum við hvernig hinir fórū að, en erfitt hlýtur það að hafa verið. Hvað um það, Elli extreme leiddi alla leið upp, en þurfti síðan að síga niður til að hjálpa Sigga-hann flækti sig ne..ne..nefnilega í línunni. Fólkini fyrir neðan var farið að leiðast biðin svo við flýttum okkur áfram. Fyrir ofan tók við löng brekka. Við léturna hana ekki aftra okkur og héldum þegar í stað upp, hliðina. Ja, eða eftir smá pásu. Þunna loftið fór smám saman að herja á Frissa svo við ráðlögðum honum að taka út úr sér sigarettuna. Hann tók því illa og kenndi broddunum um ófarir sínar. Hann hefur,

skal ég segja ykkur, verið á ís-klifurnámskeiði hjá Alpaklúbbnum og þar sem við hinir þekktum ekki til slíkra námskeiða tókum við hann trúanlegan. Svo fór að hann neyddist til að losa sig úr línumni og sagðist ætla að bíða á meðan við gerðum atlögu við tindinn.

Okkur gekk nú sәmilega greiðlega þar til við komum upp á öxlina undir tindinum. Var þá mjög af öllum dregið. Þótti nú ljóst að hamborgararnir sem við átum niðri á Umferðarmiðstöð væru farnir að segja til sín. Við hörkuðum af okkur um stund, en það þýðir ekki að deila við dómarann og hver verður að þekkja sinn vitjunartíma eða svoleiðis. Þarna endaði sem sagt áhlaup þetta.


Eftir að hafa hvílst um stund héldum við niður. Á leiðinni tókum við Frissa í línuna aftur. Var hann heldur borubrattari því honum hafði hugkvæmst að taka af sér broddana. En því miður voru allir löngu farnir af fjalllinu svo við lentum í smá brasi við að finna réttu leiðina niður klettabeltið. Eftir smá útreikninga og kortalestur komumst við að þeirri niðurstöðu að það væri kannski snjallt að fara á þessi áttavitanámskeið sem stundum er verið að auglýsa. Loks fundum við "fixeruðu línumnar" og póttumst hólpnir. Þegar við komum í rútuna héturnum við því að fara betur útbúnir næst. Og síðast en ekki síst: Enga hamborgara takk,"

Hlerað á opnu húsi fyrir skómmu.

Snaðvarr Guðmundsson  
Torfi Hjaltason.



## Helly-Hansen



Pálmason og Valsson  
Klapparstíg 16  
sími: 27745  
kvöldsími: 52261



# Þverártindsegg - Kálafellsdalur

Að baki Suðursveitar í Austur-Skaftafellssýslu er mikill fjallaklasi í suðausturjaðri Vatnajökuls. Má segja, að fjallaklasi þessi sé eitt af hrikalegri fjallasvæðum landsins, en ekki hafa þó íslenskir fjallamenn veitt svæðinu pá athygli sem skyldi fram til þessa.

Mest fjalla á þessu svæði er Þverártindsegg, 1554 m y.sjó. Sést hún víða að, ekki síst frá Breiðamerkursandi og innan af Vatnajökli, til dæmis úr Esju-fjöllum. Segja má, að egginn sé klettabryggur, um 8 km langur, er teygir sig frá Snæfelli í norðri (sem er klettastrýta, 1383 m há, við suðurjaðar Vatnajökuls) og suður í Þverártind, 1132 m, svípmikinn fjalltind, með sýlingu í toppinn. Þverártindur ris skammt norður af þennum Reynivöllum í Suðursveit, sést víða greinilega úr byggðinni.

Þverártindsegg er hæst og hrikalegust norðan til. Hægginn er þar víða örþunn og skörðott klettabrík, en norðaustan í fjallinu eru sjálfstæðir smájöklar, sem senda skriðjöklus-tungur, hrún jöklar, langleiðina niður í dalbotn, 1300-1400 m neðar. Má segja, að hraunjöklar Þverártindseggjar gefi fjallinu sérstæðan svip. Valda heir því, ásamt hæð og hrikaleik norðausturhlíðarinnar, að Þverártindsegg minnir töluvert á ýmsa af bergrisum Alpafjallanna.

Austan Þverártindseggjar er Kálafellsdalur, um 15 km langur frá þjóðveginum í Suðursveit og inn í botn, þar sem geysistór hrunjökull, Brókarjökull, steypist í 900-1000 m háum fossi frá meginjöklum Vatnajökuls niður í dalinn. Innri hluti Kálafellsdals liggur 100-200 m yfir sjó, en allt um kring gnæfa tindar af stærðargráðunni 1300-1400-1500 m yfir sjó. Lætur

því að líkum, að umhverfi dalsins er með fádæmum hrikalegt, til nær allra átta.


Vestan Kálafellsdals ber hæst Þverártindsegg, sem að ofan gat. Gengur dalverpið til SV út frá innanverðum Kálafellsdal og fast upp að norðausturrótum eggjarinnar. Ekki þekkir undirritaður nafn á þessu dalverpi. Mætti ef til vill nefna það Eggjardal. Verulegt jökulvatn flæðir á sumrin frá Egginni niður Eggjardal, er þar enda líttill gróður.

Nokkru innar í Kálafellsdal gengur annað dalverpi, Vatnadalur, til SV út frá dalnum. Nafnið mun dregið af því, að áður lá fremsta tunga Brókarjökuls fram fyrir minni Vatnadsals, var þá jökullón í dalnum.

Ofan við botn Vatnadsals gnæfa tveir mjög sérkennilegir steindrangar, líklega tugir metra á hæð. Drangar þessir sjást víða að, nefnast Karl og Kerling, og virðist Karlinn með öllu ókleifur. Væri þó verðugt verkefni fyrir íslenska klifrara að kanna dranga þessa, ef til vill mætti finna þar færa leið.

Austan Brókarjökuls gnæfir röð af hnúkum í suðurbrún Vatnajökuls, frammi á norðausturbrún Kálafellsdals. Falla þar nokkrar skriðjökulstungur ofan í hlíðar dalsins, milli hnúkanna. Hæstur þessara hnúka er Birnudalstindur, 1406 m. yfir sjó. Birnudalstindur sést óvíða úr botni úr botni Kálafellsdals, því að lægri fjöll, nær dalnum, skyggja á hann. Greiðfærast mun að ganga á tindinn upp úr Staðardal, norðaustur frá Kálafellsstað, en færst virðist þó að klifra upp hjarnskálar og hvilftarjöklar, norður úr innanverðum Kálafellsdal, og þannig að tindinum.

Austan undir Þverártindi og syðri hluta Þverártindseggjar er inniluktur dalur, Hvannadalur.



innsta hluta Kálfafellsdals og hrunjökla þá, sem steypast niður í dalbotninn. Heyrðust drunur og dynkir í Brókarjökli alloft á hverri klukkustund. Fjallgöngumaðurinn finnur sjaldan jafn greinilega fyrir eigin smæð og þegar skriðjöklar taka að hrynda við hlið hans.

Að jöklum Þverártindseggjar komum við í um 800 m hæð, rétt ofan efstu draga Hvannadals. Héldum við þar upp jökulfönn uns við komum upp að hrygg austur frá Þverártindsegg, í um 1000 m hæð. Af hrygnum sá vel suður yfir Hvannadal og til Þverártinds.

Greinilega mætti fá þægilega leið upp úr Kálfafellsdal um Nautastigsskarð, þvert yfir botn Hvannadals og upp á hrygg pennan. Eftir þetta gengum við í stóran sveig suður og vestur fyrir hæsta hluta Þverártindseggjar, fórum þar þvert yfir tvö hvilf-

tarjökla, lítt sprungna. Síðasta hluta leiðarinnar upp á háeggina fórum við upp hvilftarjökul, töluvert sprunginn, sunnan undir há-tindinum. Var stutt, en all-bratt klettahaft, um 20 m hátt, síðasta spölinn af jöklinum upp á háeggina. Reyndist hæsti tindurinn, 1554 m y. sjó, vera rétt hjá þessari uppgönguleið, náðum við þarna upp eftir 10 klukkustunda göngu og klifur frá tjöldunum.

Sæmilega bjart var í veðri pennan dag og viðsýni mikið af Egginni. Sérstaklega þótti okkur tilkomumikið að horfa yfir Esjufjöll og morenurnar á Breiðamerkurjökli, sem minntu helst á bugðóttar hraðbrautir. Í norðri blöstu við Kverkfjöll og Snæfell á Vesturör-æfum, en næst okkur var ærið hrikalegt að horfa niður yfir mörg hundruð metra hátt hengiflug og hrunjöklra niður í botn Eggjar-



Þverártindsegg séð frá austri. Hátindurinn fyrir miðju.



Rétt neðan við hátindinn: Horft til SA eftir Egginni.



dals, steinsnar frá fótum okkar. Þá jók það enn á hrikaleik um-hverfisins, að jöklarnir norðausstan í Egginni voru sífellt að hrynda með drunum og látum, vritist sem þar væri ótryggt að koma nærrí.

A niðurleiðinni bröltum við niður í innri hluta Eggjardals, sunnan-megin. Var þar bratt og ógreið-fært niður, en þó mun skárri leið en sú, sem við fórum upp um morguninn. Náðum við loks í tjöldin eftir 16 klukkustunda erfiða ferð, útkeyrðir en ánægðir. Héldum við svo til byggða morguninn eftir.

Ingvar Teitsson

# Willi Unsoeld

Bekkjur fjallagarpur látiinn.

Það má kalla kaldhaðni örlaganna, er fræknir fjallamenn, sem vinna margt afrekið á ystu mörkum hins mögulega og sleppa lífs úr ótrúlegum mannaunum, týna svo loks lífi í tiltölulega auðveldum ferðum í bæjarfjallinu heima, ef svo má segja. Slík urðu örloög Willi Unsoeld eins kunnasta fjallgöngumanns Bandaríkjanna, sem lést í snjóflóði á Rainierfjalli 4. mars 1979. Með honum fórst tvítug stúlka, en Willi Unsoeld var á leið niður fjallíð ásamt hópi nemenda.

Willi Unsoeld var 52 ára að aldri, er hann lést, og hafði fengist við fjallapríl af ýmsu tagi frá 12 ára aldri. Hann var prófessor í trúarbrögðum og heimspeki við Evergreen State háskóla, en hafði auk pess próf í eðlisfræði.

Unsoeld vann mörg afrek í fjallgöngum, en frágastur mun hann vera fyrir að klífa Tom Hornbein upp vesturhrygginn á tind Everestfjalls og svo niður venjulega leið. Þeir urðu þó á niðurleið að láta fyrirberast á suðausturhrygg fjallssins næturlangt, í 28000 feta hæð. Það var mikil mildi, að stillt var í veðri, þótt frost væri mikið, því að þeir höfðu hvorki tjald, svefnþóka, mat, drykk né súrefnvi. Unsoeld bjargaði fótum félaga síns frá kali með því að stinga þeim inn á sig, en sjálfur missti hann níu tær. Þegar læknar höfðu gert honum ljóst nökkrus síðar, að tánnum yrði ekki bjargað, leiddist Unsoeld að bíða eftir því, að þær dyttu af sjálfkrafa. Tók hann sér skári í hönd og klippti þær af sjálfur, eina í senn, en tók svo myndir af fótunum eftir því sem tánnum fækkaði. Lauk hann oft fyrirlestrum sínum með því að sýna þessar myndir, og kom þá fyrir að hraustur fullhugi í



Willi Unsoeld


áhorfendahóp leið í ómegin og var skotið út í lárétttri stellingu yfir höfuð manna. Tærnar geymdi Unsoeld í krukku, en dóttir hans hafði gaman af því að reka þær, svartar og ókræsilegar, upp að nefi gesta, þegar þeir áttu sér einskis illa von. Haft var eftir Unsoeld, að svo hefði hann hrifist af fugurð Nanda Devi, hæsta fjalls Indlands (7817 m), að hann ákvað að kvænast, eignast dóttur og skíra hana eftir fjallinu. Þegar Nanda Devi Unsoeld var uppkomin, fór hún með fðður sínum að klífa fjallíð Nanda Devi, en það var árið 1976. Svo hörmulega tókst til, að stúlkan lést á fjallinu í 24000 feta hæð, úr bráðum innvortis sjúkdómi, en ætlunin hafði verið að halda upp

á 21 árs afmáli hennar í þessum leiðangri. Indverskir þjóðflokkar, sem búa í nágrenni fjallsins, trúua því, að þær búi gyðjan Nanda á tindinum. Trúðu þeir því að gyðjan hefði tekið sér bústað í hinni ungu stúlku og dvalist í mannhheimum um hrið, en síðan horfið til heimkynna sinna á fjallinu.

Willi Unsoeld gat lítið gengið á fjöll eftir þetta, því að hann þjáðist af slitgigt í mjaðmarliðum, sem ágerðist mjög. Ólíkt hefði það þó verið honum að leggja gönguskoða á hilluna með öllu. Lét hann ótrauður skera sig upp báðum megin og endurnýja slitna liðfleti, og gat þó brugðið til beggja vona um árangur. Svo vel tókust aðgerðirnar, að hann gat gengið á Rainierfjall 6 mánuðum síðar, og er efalaust, að þær hefur kjarkur og harðfengi hans ráðið úrslitum um árangur.



Willi og Nanda Devi Unsoeld



Fjallíð Nanda Devi

Willi Unsoeld var óvenjulegur og litríkur afreksmaður. Hann mun hafa notið mikillar virðingar og vinsælda bandarískra fjallamanna og verður lengi minnst meðal þeirra, sem áhuga hafa á fjöllum og fjallgöngum.

Guðmundur Pétursson

"Petit"  
Súkkulaði

MED  
BAKPOKANN

greyja

# Styrktaraðilar

## PLASTPRENT HF.

Höfðabakka 9, sími 85600

## ÓLAFUR ÞORSTEINSSON OG CO. HF.

Vatnagörðum 4, sími 85044

## RADIÓBÚDIN

Skipholti 19, sími 29800

## FORMPRENT

Hverfisgötu 78, sími 25960

# Ferðir og fundir ÍSALP

Félagsfundir og opin hús hefjast kl. 20.30 að Grens- ásvegi 5 nema annað sé auglyst. Eru félagsmenn hvattir til að bjóða gestum með.

Sunnudagur 13/1: Vífilsfell: Fararstjóri: Magnus Guðmundsson.

Miðvikudagur 16/1: Opið hús: Guðjón Ó. Magnússon rædir um gönguskiði.

Mánudagur 21/1 og fimmtudagur 21/1: Áttavitanámskeið: Leiðbeinandi: Einar Hrafnkell

Haraldsson. Þátttaka tilkynnist fyrir 16. janúar. (Ef þáttakendur verða of margir, verður námskeiðinu skipt).

Miðvikudagur 23/1: Opið hús: Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir af Esjunni. Rætt um Esjuferðina.

Sunnudagur 27/1: Esja: Fararstjóri: Höskuldur Gylfason, sími 84804.

Miðvikudagur 30/1: Opið hús: Björn Vilhjálmsson stjórnar umræðum um síðfræði klifurs.

Miðvikudagur 6/2: Opið hús: Sighvatur Blöndahl sýnir myndir af ferð nokkurra félaga í Alpana 1974. Rætt um Hengilsferðina.

Sunnudagur 10/2: Hengill: Fjallaskíða- og snjóklifurferð. Fararstjóri: Guðjón Ó. Magnússon.

Miðvikudagur 13/2: Aðalfundur:

Miðvikudagur 20/2: Opið hús: Guðjón Ó. Magnússon og Höskuldur Gylfason sýna myndir úr klúbbferð í Tindfjöll síðastliðið haust. Rætt um ferðina í Tindfjöll.

Föstudagur 22/2-Sunnudagur 24/2: Árshátíð í Tindfjöllum Skemmtiatriðum stjórnað af Guðrún Úlfhildi Grímsdóttur og Guðjóni Ó. Magnússyni. Hafið skíði með.

Miðvikudagur 27/2: Opið hús: Sigurður B. Jóhannesson rædir um "aflfræði trygginga".

Miðvikudagur 5/3: Opið hús: Helgi Benediktsson sýnir myndir meðal annars af Eigerferð sinni og af ýmsum fjallaferðum innanlands. Rætt um ferðina á Helgrindur.

Föstudagur 7/3-sunnudagur 9/3: Helgrindur

Á þessu svæði má finna snjó- og ísklifurleiðir af erfiðustu graðu og fjallaskíðaleiðir fyrir reynda skíðamenn. Umsjón með ferðinni hafa Helgi Benediktsson, Magnús Guðmundsson og Björn Vilhjálmsson. Þátttaka bundin við mjög vana vetrarfjallamenn.

Mánudagur 10/3: Undirbúningsfundur: Undirbúningsfundur fyrir snjóklifur og vetrarfjallamenuskunámskeið-

ið 15.-16. mars á Skessuhorni. Þátttakendur á námskeiðið mati á þennan fund. Rætt um snjóklifur-útbúnað og aðferðir.

Miðvikudagur 12/3: Opið hús: Sýndar verða myndir frá Skessuhorni.

Laugardagur 15/3-sunnudagur 16/3: Snjóklifurnámskeið á Skessuhorni: Leiðbeinendur: Arngrímur Blöndahl, Birgir Jóhannesson. Forgang hafa þeir, sem ekki hafa áður verið á snjóklifurnámskeiði. Fjöldi takmarkast við 12. Þeir sem vilja nota ferðina til annarra æfinga eru velkomnir.

Miðvikudagur 19/3: Opið hús: 1. Guttormur B. Þórarinsson sýnir myndir af fjalla- og jöklafærðum, m.a. af Heklu og Eyjafjallajökli. 2. Kvíkmynd Ferðamálaráðs: Landið er fagurt og frítt. 3. Rætt um ferðina á Eyjafjallajökul.

Föstudagur 21/3-sunnudagur 23/3: Eyjafjallajökull:

Fararstjóri: Jón E. Rafnsson, sími 75311. Þátttaka í vetrarnámskeið ísalp skilyrði fyrir þátttöku í þessari ferð.

Miðvikudagur 26/3: Opið hús:



# VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp  
Trails

Bergans  
OF NORWAY

MoAc

karrimor  
International Ltd.  
AVENUE PARADE, ACCRINGTON, LANCASHIRE, ENGLAND

ajungilak



Black's  
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



# SKÁTABÚÐIN

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit skáta Reykjavík

SÉRVERSLUN  
FYRIR  
FJALLA- OG  
FERÐAMENN.